

2. gr.

Útsending á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skal lokið eigi síðar en einni klukkustund eftir lokunartíma sölubúðanna, verkstæðanna eða skrifstofanna, og daginn fyrir almennan fridag eigi síðar en tveim klukkustundum eftir lokunartíma.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 60, 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um útflutning á saltsild.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum, útgefnum í dag, sbr. bráðabirgðalög 31. júlí 1934, og með skirskotun til auglýsingar ráðuneytisins, dags 31. f. m., og tilkynningar, dags. 3. þ. m., sem og reglugerðar 8. þ. m., um sölu og útflutning á léttverkaðri saltsild, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkistjórnin hefir ákveðið, að fyrirmæli framangreindra laga, auglýsinga og reglugerðar um léttverkaða saltsild, taki einnig til allrar tálknatekinnar og slógdreginnar saltsildar, þó hún sé söltuð meira en nemur 22 kg. salts í 120 lítra tunnu eða tilsvareandi í minna ílát.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Lánssjóð Bændafélagsins Vonin“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 18. ágúst 1934. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Lánssjóð Bændafélagsins Vonin.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Lánssjóður Bændafélagsins Vonin“.

2. gr.

Sjóðurinn er til orðinn á þann hátt, að árlegur tekjuafgangur Bændafélagsins Vonin, sem stofnað var 4. marz 1894, hefir gengið til sjóðmyndunarinnar.